

Matsheimsókn á Réttarlæknisfræðieiningu Meinafræðideildar rannsóknasviðs Landspítala, þann 4.5. 2018 og 29.6. 2018.

Um var að ræða matsferli vegna fyrsta hluta sérnáms (allt að 2 árum í meinafræði og 1 1/2 ári í réttarlæknisfræði) að ósk meinafræðideildar á rannsóknasviði Landspítalans (LSH). Hér er eingöngu fjallað um réttarlæknisfræði til sérnáms í læknisfræði.

Marklýsing frá réttarlæknisfræðieiningu innan meinafræðideildar LSH var lögð fram í endanlegu formi 28.12. sl..eftir fyrri yfirferð mats- og hæfisnefndar og síðan endurgerð hennar. Hún var endanlega samþykkt á fundi nefndarinnar 28.05. 2018. Jákvæðar umsagnir samkvæmt 8. og 15. grein reglugerðar nr. 467/2015 hafa borist. Endurmat námsins mun fara fram eftir u.þ.b. 1-2 ár á vegum mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015 með hliðsjón af því hvenær sérnámslæknir í greininni hefur störf. Þann 29.6. 2018 voru forsvarsmanni námsins kynntar tillögur frá mats- og hæfisnefnd til frekari útfærslu marklýsingarinnar.

Gert er ráð fyrir að unnt sé að veita einum námslækni hlutasérnám í sérgreininni á Íslandi á hverjum tíma, þ.e.a.s. eins árs til eins og hálf árs skipulagt upphafsnám þar sem sérnámslæknir kynnist öllum helstu verkferlum og fræðilegum undirstöðum sérgreinarinnar. Framhald og lok námsins færi fram við viðurkennda námsstofnun erlendis þar sem gert er ráð fyrir að því ljúki. Námslæknar fá sérfræðiréttindi þar sem meirihluti námsins fer fram og þar sem því lýkur með tilvísan í íslensku reglugerðina nr. 467/2015. Ekki er gert ráð fyrir að marklýsingin taki til viðbótarnáms til undirsérgreinar innan meinafræði.

Forsvarsmenn námsins eru Sebastian Kunz, sérfræðilæknir/klíniskur dósent á réttarlæknisfræðieiningu meinafræðideildar og Jón Gunnlaugur Jónasson próffessor og yfirlæknir á meinafræðideild rannsóknasviðs LSH. Sebastian Kunz yrði jafnframt umsjónarlæknir (handleiðari, e. educational supervisor) fyrir sérnámslækninn. Til viðbótar kemur nýr sérfræðilæknir í réttarlæknisfræði, sem hefur störf haustið 2018, að kennslu í sérnáminu. Námið er á sama aðal vinnustað og sérnám í meinafræði og kennsla í réttarlæknisfræði tengist því meinafræðikennslunni gegnum sameiginlegan kennslustjóra (Lárus Jónasson, sérfræðilæknir) og kennslunefnd fyrir meinafræði og réttarlæknisfræðinám. Af núverandi sérfræðilæknum meinafræðideildarinnar, sem komið geta að kennslu í réttarlæknisfræði, hafa sex farið á námskeið á vegum lyflækningasviðs LSH/RCP um kennslufræðileg atriði (e. train the trainers), auk tveggja sem hafa farið á svipuð námskeið í Svíþjóð og handleiðarinn Sebastian Kunz hefur sótt slíkt námskeið í Þýskalandi. Allir sérfræðilæknar meinafræðideildarinnar hafa þannig klínískt leiðbeinandahlutverk (e. clinical supervisors) hvað varðar réttarlæknisfræði, meðan sérfræðilæknir í réttarlæknisfræði mun verða handleiðari (e. educational supervisors). Sérfræðilæknar meinafræðideildar eiga að hafa þekkingu á marklýsingu fyrir réttarlæknisfræðisérnámið og taka þátt í kennslustarfi á einingunni/deildinni eftir þörfum. Áhersla verður á framþróun námsins og námsstaðarins með hliðsjón af þróun í faginu og kennsluháttum. Sérnámið á hafa nauðsynlegan forgang hjá sérnámslækninum, innan einingarinnar og meinafræðideildarinnar. Viðmið eru innlend (almenn þróun á stofnun, þróun í hliðstæðu sérnámi) og alþjóðleg. Kennslustjóri og

sérnámsnefnd eru til staðar innan meinafræðideildar og bera einnig ábyrgð á réttarlæknisfræðináminu með forsvarsmönnum þess.

Sérnámslæknir/deildarlæknir hefur aðstöðu í réttarlæknisfræðieiningunni og tekur þátt í almennu og fræðilegu starfi einingarinnar. Kennsluaðstaða er góð, þ.m.t. fundarherbergi, smásjárstofa, kennslumásjár, sérfræðibókakostur og sérhæfðar rannsóknastofur. Aðstaða er fyrir hendi vegna sameindarannsókna og tækjakostur góður. Læknir í sérnáminu mun vinna náið með sérfræðilæknum einingarinnar og sérhæfðum lífeindafræðingum.

Sérnámslæknir heldur námsbók (logg-bók), er í mánaðarlegum formlegum viðtölum auk annara reglubundinna samskipta við handleiðara, undirgengst símat, fjörlátta endurgjöf og verklegt og fræðilegt próf/mat í lok námstímans. Formlegur matsfundur forsvarmanna námsins með sérnámslækni fer fram að loknu fyrsta námsárinu og við lok náms á deildinni/einingunni. Formlegar hæfni- og þekkingarkröfur er fyrir hendi, sömuleiðis lýsing náms og námsmarkmiða. Matsblöð og kerfi til einkunnagjafa/mats verða til staðar.

Í matsheimsókninni tóku þátt Reynir Tómas Geirsson og Leifur Bárðarson frá Mats- og hæfisnefnd, auk Svöfu K. Pétursdóttur, ritara nefndarinnar. Viðmælendur af meinafræðideildinni voru Bjarni A. Agnarsson prófessor/forstöðumaður fræðasviðs, Jón Gunnlaugur Jónasson, prófessor/yfirlæknir, Lárus Jónasson sérfræðilæknir/kennslustjóri á meinafræðideild, Anna Margrét Jónsdóttir, formaður Félags íslenskra rannsóknalækna og Sebastian Kunz, sérfræðilæknir/klíniskur dósent á réttarlæknisfræðieiningu. Enginn sérnámslæknir er í náminu enn sem komið er.

Atriði sem notuð eru í mati á sérnámsstað eru eftirfarandi stig (matið skáletrað, birt á skala frá 1 - 6 þar sem 1 = í mjög litlum mæli, 2 = litlum mæli, 3 = í nokkrum en þó minni mæli, 4 = í nokkrum en þó meiri mæli, 5 = í miklum mæli, 6 = í mjög miklum mæli, eða 0 = á ekki við):

1. Í upphafi náms var gerður skriflegur námssamningur með tilvísan í marklýsingu og megin markmið sérnámsstilboðsins og með tilvísan í reglugerðina. Athugasemd: *Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
2. Sérnámslæknirinn fékk kynningu á væntanlegu starfssviði sínu m.t.t. mismunandi þátta og þrepa námsins og skipulags í sérnáminu, þ.m.t. inntaks námsins á upphafsári þess. Athugasemd: *Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
3. Námsleiðbeinandi/handleiðari (mentor) var skipaður í upphafi og var aðgengilegur fyrir sérnámslækninn, m.a. á reglubundnum samræðufundum um námsframvindu. Athugasemd: *Til staðar, en ekki hefur reynt á þetta = 0.*
4. Leiðbeinendur (handleiðarar) hafa lokið viðeigandi leiðbeinandanámskeiði. Athugasemd: *Til staðar = 5.*
5. Námslæknir taldi eftirlit og áhuga leiðbeinenda/handleiðara fullnægjandi og að hann/hún hefði haft tækifæri til að ná þeirri hæfni/færni sem vænst var á viðkomandi námsstigi. Athugasemd: *Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
6. Endurgjöf var veitt þar sem og þegar við átti, þ.m.t. með ráðleggingum um námsframvindu. Athugasemd: *Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
7. Ráðgjöf var veitt um samskipti við samstarfsfólk í öðrum sérgreinum læknisfræðinnar og hliðstæðum heilbrigðisvísindagreinum, og við samstarfsfólk í mismunandi störfum á vinnustaðnum. Athugasemd: *Ekki hefur reynt á þetta = 0.*

8. Ráðgjöf var veitt um samskipti við yfirmenn og stjórnendur, og einnig opinbera aðila og stjórnvöld ef við átti. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
9. Leiðbeiningar voru veittar um leiðtogahlutverk og það að taka að sér forystu í verkefnum, bæði í daglegum störfum, í kennslu og rannsóknastörfum. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
10. Áhersla var á fagmennsku og að tileinka sér góða fagþekkingu, bæði grunnþekkingu og sérhæfðari atriði sérgreinarinnar. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
11. Námsþækifæri í daglegum störfum voru nýtt. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
12. Vinnuskipulag var gott og stuðlaði að því að ná markmiðum marklýsingar með hliðsjón af hæfni og þekkingarkröfum. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
13. Tími gafst í daglegri vinnutilhögun til að eiga samtöl við kennslustjóra og leiðbeinanda/handleiðara, og vinnufyrirkomulagið stuðlaði að þekkingaröflun, bæði bóklega, með tækifærum til að geta sótt fræðslufundi og svipuð námsþækifæri á deild/stofnun og í þátttöku í klínískum verkefnum til að víkka þekkingar- og reynslugrundvöll. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
14. Eru reglubundnir fræðslu- og námsfundir á vinnustað þar sem viðvera er nauðsynleg? *Athugasemd: Til staðar = 6.*
15. Tækifæri til að sækja samningbundin námsскеið og nýta námsleyfi voru veitt. *Athugasemd: Rætt. Námsскеið utan deildar aðgengileg og leiðbeint um þau = 6.*
16. Tækifæri voru veitt til að taka þátt í kennslu nemenda og prófum. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
17. Loggbók/námsskrá/ePortfolio var yfirfarin af leiðbeinendum. *Athugasemd: Til staðar = 6.*
18. Leiðbeinendur, sérfræðilæknar og yfirmenn hafa verið aðgengilegir þegar á þurfti að halda. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
19. Námslæknar fá tækifæri til þátttöku í gæða- eða rannsóknarverkefni og læra meginatriði slíks starfs eins og við átti varðandi sérgreinina. *Athugasemd: Rætt, en ekki hefur reynt á þetta = 0.*
20. Á námsstað er áhersla á gagnkvæma persónulega virðingu og sanngirni í samskiptum, teymisvinna gengur vel og tækifæri hafa verið veitt í því sambandi. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
21. Heildarmat námslæknis á vinnu- og námsstaðnum var fullnægjandi. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*
22. Heildarmat kennslustjóra og leiðbeinenda á námslækninum var fullnægjandi. *Athugasemd: Ekki hefur reynt á þetta = 0.*

Heildareinkunn: Stigagjöf er ekki raunhæf fyrir en sérnámslæknir hefur verið ráðinn og námsmat farið fram eftir það.

Endurmat: Við ≥ 115 stig eftir 2 ár, við ≥ 85 stig eftir 1 ár, við ≥ 75 stig eftir 6-8 mánuði. Stig ≤ 74 eru ekki fullnægjandi og úrbætur (með nýju mati ef við á) þarf til viðurkenningar námsstaðar.

Styrkleikar á námsstað: Fyrir hendi er ágæt marklýsing, aðallega byggð á þýskum staðli, og er fyrst og fremst fræðileg og aðferðafræðileg. Hún er sem stendur miuð við heildarþekkingu í réttarlæknisfræði. Sérnámslæknir mundi einnig hafa hliðsjón af marklýsingu fyrir sérnám í meinafræði enda kennslan þar þegar hæfin og faglegir fundir, námssjórn og dagleg vinna á réttarlæknisfræðieiningu tengd starfsemi meinafræðideildar. Góð tengsl eru við lögreglu- og dómskerfið. Almenn má ætla að kennta og umsjón með námslækninum geti verið góð, og áhugi er á að gera vel og efla námið. Sérfræðileknar meinafræðideildarinnar og réttarlæknisfræðinnar hafa nær allir sótt kennslunámskeið. Allmikið klínískt efni og teymisvinna er fyrir hendi sem góður grunnur námsins, samvinna við aðrar faggreinar og fjölfagleg samvinna skilgreind og grunduð. Námsstækjefari á deildinni, þ.m.t. í sérhæfðum rannsóknunum, ónæmisfræðilegum og sameindafræðilegum aðferðum eru góð og í uppbyggingu. Góð dagleg nánd og samstarf er milli sérfræðilækna og sérnámslækna, þ.m.t. almennri innan meinafræði. Sérnámslæknir mun fá talsverða og vaxandi ábyrgð í starfi og í því er markviss hvatning. Loggbók og sértæk matsblöð munu eru til staðar, og námslæknir mundi fá tækjefari til að sækja námsfundi á deildinni og utan hennar. Óskað hefur verið eftir úttekt frá Royal College of Pathologists og er æskilegt að hún taki einnig til réttarlæknisfræði.

Veikleikar námsstaðar: Smæð einingarinnar er aðal vandamálið, en með ráðningu annars sérfræðilæknis ætti sú staða að batna. Ekki verður dæmt frekar um veikleika fyrir en námið er hæfið. Afmarka þarf betur í marklýsingu hvernig símati er háttað og hvaða þekkingusérnámslæknir á að tileinka sér á námstímanum með tilliti til þess sem sett er upp sem heildarmarkmið sérnáms í réttarlæknisfræði.


Heildarniðurstaða mats: Marklýsing er fullnægjandi en má bæta með tilliti til atriða sem varða hæfni- og þekkingaratriði innan áeilaðs upphafssérnáms. Tryggja þarf að klínískt kennsluþrógramm hafi forgang. Ný úttekt frá Royal College of Pathologists á námsmöguleikum á rannsóknasviðinu öllu væri vel fallin til að styrkja námið og bæta möguleika sérnámslækna til frekara náms annars staðar.

Það er niðurstaða Mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015 að á réttarlæknisfræðieiningu meinafræðideildar rannsóknasviðs Landspítalans megi hefja til reynslu upphafsnám í réttarlæknisfræði og að einingin og deildin uppfylli skilyrði reglugerðarinnar til að teljast fullgildur námsstaður fyrir slíkt sérnám fyrir einn námslækni.


Undirskriftir matsaðila og staðfesting fulltrúa námsstaðar:

Reykjavík 29. 6. 2018:


Reynir Tómas Geirsson



Leifur Bárðarson



Jón Gunnlaugur Jónasson



Sebastian Kunz